

NORÐAUSTURVEGUR (85) HÓFASKARÐSLEIÐ BREYTING Á VEGLÍNU UM BORGARÁS, Í LANDI PRESTHÓLA OG KATASTAÐA, NORÐURÞINGI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á veglínu Norðausturvegar (85), Hófaskarðsleið, um Borgarás, í landi Presthóla og Katastaða Norðurþingi samkvæmt veglínunum 174 eða 175 sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Vegur eftir leið 174 kunnir að hafa talsverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér vegna djúprar skeringar í Borgarás þar sem hann er hæstur, en vegur samkvæmt leið 175 mun hafa minni sjónræn áhrif.

Vegur um Borgarás skerðir ekki lindir við Klapparós og vegfylling fer ekki út í ósinn nema þar sem hann verður þveraður á mótis við stöð 800. Um 2,2 ha af votlendi á austurbakka Klapparóss raskast, en það hefur að einhverju leyti myndast þegar rafstöðin við Kastalabru var byggð og Vegagerðin mun standa fyrir endurheimt votlendis í stað þess sem tapast. Framkvæmdin hefur ekki áhrif á fornleifar nema hugsanlega mógrafir, NP-071:003 og verður þá sótt um leyfi Fornleifavernd ríkisins til að raska þeim.

Kynning á veglínunum 174 og 175 hefur farið fram á heimasíðu Vegagerðarinnar og fyrir liggur að landeigendur Katastaða og ábúendur Presthóla hafa ekki lagst gegn vegi eftir leið 174 og samráð hefur verið við sveitarstjórn um útfærslu leiðar 174 þ.e. leið 175.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. nóvember 2009.

INNGANGUR

Þann 17. september 2009 tilkynnti Vegagerðin fyrirhugaða breytingu á veglínu Norðausturvegar (85), Hófaskarðsleið, um Borgarás, í landi Presthóla og Katastaða, Norðurþingi, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Norðurþings, Fornleifaverndar ríkisins, Fiskistofu og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Norðurþingi með bréfi dags. 9. október 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 1. október 2009, Fiskistofu með bréfi dags. 23. september 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. október 2009. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með tölvupósti dags. 8. október 2009 og bréfi 12. október 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er lagt til að gerð verði breyting á vesturenda fyrirhugaðs Norðausturvegar um Hófaskarð í Norðurþingi. Breytingin verði á 1,8 km kafla frá núverandi Norðausturvegi við Klapparós að fjárrétt í landi Katastaða. Höfuðtilgangur framkvæmdarinnar sé að tengja nýjan veg um Hófaskarð og til Raufarhafnar við núverandi Norðausturveg við Klapparós svo unnt verði að taka í notkun þá fjárfestingu sem þegar hafi verið lagt í á svæðinu. Breytingarnar séu gerðar í kjölfar dóms Hæstaréttar og til að fá veg sem veldur ekki meiri umhverfisspjöllum en veglína 150 sem kynnt var við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Áður hafði verið kynnt önnur breyting á sama vegkafla, leiðir 162 og 165 en Skipulagsstofnun ákvarðaði að leið 162 skyldi háð mati á umhverfisáhrifum. Vegagerðin taldi taka of langan tíma að meta umhverfisáhrif leiðar 162 og tilkynnir því nýja leið, nr. 174 sem hér er til umfjöllunar.

Vegur samkvæmt nýrri veglínu, nr. 174, mun hafa í för með sér minna rask á jörðinni Katastöðum en veglína 150 hefði haft á þessum kafla, engin áhrif á hrauni eða gervigíga, en meiri sjónræn áhrif vegna skeringa í Borgarás og fyllingar austan hans og hárrar fyllingar við þverun Klapparóss.

Eftir samráð við Umhverfisstofnun og sveitarfélagið Norðurþing kynnti Vegagerðin með bréfi 12. október 2009 breytta útfærslu á leið 174 í gegnum Borgarásinn, sem nefnist leið 175, er hefði minni skeringar í för með sér og minni sjónræn áhrif en leið 174. Yfir Klapparós fellur leið 175 saman við leið 174.

Lagning vegar samkvæmt leið 174 var kynnt með frétt á heimasíðu Vegagerðarinnar 22. september s.l. og kynningarskýrsla er þar aðgengileg. Ný útfærsla, þ.e. leið 175 var kynnt með frétt á heimasíðu Vegagerðarinnar þann 13. október og kynningargögn gerð aðgengileg.

Landnotkun. Framkvæmdin mun hafa nokkur áhrif á landnotkun og landeigendur á Katastöðum þar sem bærinn verður í alfaraleið og vegurinn raskar beitolandi og túni. Fram kemur að landeigendur Katastaða og ábúendur Presthóla hafa ekki lagst gegn veglínu þvert yfir Borgarás en séu hins vegar mjög andsnúnir því að vegur verði lagður sunnan við ásinn samkvæmt veglínum 150 eða 165.

Landslag og ásýnd. Fyrirhuguð er skering í Borgarás fyrir veginn og myndast skarð í ásinn við það. Verði vegur lagður samkvæmt leið 174 verður skarðið lítið áberandi

séð frá norðri og suðri, sjáist nokkuð frá vestri, en verði mest áberandi frá austri. Samkvæmt leið 175 mun skering að sunnanverðu sjást meira frá núverandi vegi þegar komið er úr norðri en skarðið verður miklu minna áberandi sérð frá austri og vestri. Vegurinn mun liggja yfir Klapparós á fyllingu sem verður nokkuð áberandi í landslaginu austan Borgarás. Við framkvæmdina verður nokkur breyting á ásýnd lands, sérstaklega fyrir íbúa Katastaða og vegfarendur sem koma úr austri og norðri. Við hönnun vegarins verður lögð rík áhersla á að aðlaga skeringar og fyllingar sem best að landslagi. Markmið veggöngu er að fella veginn vel að landi, þannig að hann skeri sig ekki úr, heldur verði upplifun vegfarenda eins og hann hafi alltaf verið hluti af landslaginu.

Fornleifar. Við framkvæmd eftir veglínu 174 eða 175 verður engum fornleifum raskað nema hugsanlega mógröfum, NP-071:003 og verður þá sótt um leyfi til þess frá Fornleifavernd ríkisins. Þá mun vegurinn liggja yfir svonefnda Draugalág, NP-070:010, sem er gjáveggur en engar þekktar þjóðsögur tengjast nafninu.

Gróður. Við framkvæmd eftir veglínu 174 eða 175 verður votlendi á austurbakka Klapparóss raskað á 290 m löngum kafla og alls um 2,2 ha. Votlendið hefur að einhverju leyti myndast þegar rafstöðin við Kastalabru var byggð en þá myndaðist uppistöðulón í Klapparósi, ofan stíflunnar. Vegagerðin mun standa fyrir endurheimt votlendis í stað þess sem tapast, í undirbúningi er að endurheimta votlendi að Sandi í Aðaldal og er miðað við að endurheimta þurfi 10 ha af votlendi vegna þess votlendis sem raskast vegna Norðausturvegar um Hólaheiði.

Vatnafar og vatnalíf. Vegurinn fer yfir Klapparós á móts við stöð 800. Sett verða ræsi í ána og tryggt að vatn eigi áfram greiða leið um. Engar veiðitölur eru til um veiði í Klapparósi en einhver silungur mun vera neðan rafstöðvarinnar. Áður en framkvæmdir hefjast verður leitað leyfis Fiskistofu skv. lögum nr. 617/2006. Í lindum Klapparóss fast við núverandi Norðausturveg hefur verið staðfest að finnist dvergbleikja og ísaldarmarfló, en framkvæmdin muni ekki raska lindunum eða hafa áhrif á lífríki þeirra.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Norðurþing, Fornleifavernd ríkisins, Fiskistofa og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Norðurþing telur ekki tilefni til þess að framkvæmdin verði háð mati á umhverfisáhrifum og telur vegleið samkvæmt kosti 175 sjónarmun betri en kost 174 vegna útlitsatriða og líkum á minni snjósöfnun í skeringunni í gegnum Borgarás.

Fiskistofa vísar til umsagnar dagsettrar 24. júní síðastliðinn og ítrekar að ekki verði séð að umrædd breyting á veglínu hafi áhrif á hagsmuni varðandi laxfiska á svæðinu og telur því ekki þörf á því að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Fornleifavernd ríkisins telur að fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði veglínu 174 og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Minnt er á að sækja þarf um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska fornleifum ef það verður talið nauðsynlegt.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin óskaði eftir að Vegagerðin kannaði hvort unnt væri að færa veglínu um Borgarás það langt til norðurs að skering í ásinn yrði að mestu hliðarskering til norðurs. Með því væri dregið úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Vegagerðin hafi gert þetta og kynnti veglínu 175 auk þess sem

ráðgert sé að hanna hliðarskeringu þannig að til falli um 20.000 m³ af umframefni. Umhverfisstofnun telur að ummerki um þessa efnistöku verði óveruleg ef vel verði staðið að hönnun og mótun skeringarinnar. Stofnunin telur að lagning vegar eftir veglínunum 174 eða 175 muni ekki spilla lindum við Klapparós og fyllingar hans fari ekki út í Klapparósinn nema við þverun hans.

Stofnunin telur að vegur eftir leið 174 muni hafa talsverð neikvæð sjónræn áhrif, vegna djúprar skeringar í Borgarás, þar sem hann fari í gegnum ásinn þar sem hann sé einna hæstur. Lagning vegarins eftir leið 175 muni hins vegar hafa minni sjónræn áhrif sem ráðist að nokkru leyti af því hversu til tekst við hönnun og mótun skeringa. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að vegur samkvæmt leiðum 174 og 175 muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á vesturenda fyrirhugaðs Norðausturvegar um Hófaskarð í Norðurþingi. Breytingin verður á 1,8 km löngum kafla frá núverandi Norðausturvegi við Klapparós að fjárrétt í landi Katastaða. Breytingin er gerð í kjölfar dóms Hæstaréttar og til þess að fá veg sem veldur ekki meiri umhverfisspjöllum en veglína 150 sem kynnt var við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar árið 2005. Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að hann hafi skoðað ýmsar veglínur á 2 km kafla næst Norðausturvegi. Þar á meðal var leið 162 sem Skipulagsstofnun ákvað að skyldi háð mati á umhverfisáhrifum, sem Vegagerðin taldi taka of langan tíma og tilkynnir því nú nýja leið nr. 174 og útfærslu á henni nr. 175.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur framkvæmdakostinn sem kynntur er, þ.e. veglínu 174 og útfærslu hennar nr. 175, falla innan þess svæðis sem matsskýrsla vegna veglína 140, 141 og 150 og úrskurður stofnunarinnar frá 3. ágúst 2005 náði til. Í úrskurðinum var engin veglínanna, 140, 141 og 150, talin kunna hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Skipulagsstofnun tekur undir niðurstöðu umsagnar Umhverfisstofnunar og telur að vegur eftir leið 174 kunni að hafa talsverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér vegna djúprar skeringar í Borgarás þar sem hann er hæstur, en vegur samkvæmt leið 175 muni hafa minni sjónræn áhrif.

Vegur eftir leið 174 eða 175 skerðir ekki lindir við Klapparós og vegfylling fer ekki út í ósinn nema þar sem hann verður þveraður á móts við stöð 800. Um 2,2 ha af votlendi á austurbakka Klapparóss raskast, en það hefur að einhverju leyti myndast þegar rafstöðin við Kastalabru var byggð og Vegagerðin mun standa fyrir endurheimt votlendis í stað þess sem tapast. Framkvæmdin hefur ekki áhrif á fornleifar nema hugsanlega mógrafir, NP-071:003 og verður þá sótt um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim.

Kynning á veglínunum 174 og 175 hefur farið fram á heimasíðu Vegagerðarinnar þar sem voru fréttir um þær 22. september og 13. október og tenglar í kynningargögn. Fyrir liggur að landeigendur Katastaða og ábúendur Presthóla hafa ekki lagst gegn vegi eftir leið 174 og samráð hefur verið við sveitarstjórn um útfærslu leiðar 174 þ.e. leið 175.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli

Þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á veglínu Norðausturvegar (85), Hófaskarðsleið, um Borgarás, í landi Presthóla og Katastaða Norðurþingi samkvæmt veglínum 174 eða 175 sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. nóvember 2009.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

